



# Hátíðar – Háteigur



11. árgangur 5. tbl.

10. maí 2007

## - VORHÁTÍÐ 12. MAÍ -

<http://www.hateigsskoli.is>

### **Vorhátíð Háteigsskóla 12. maí**

Hér á eftir verður reynt að tæpa á því helsta sem verður í boði á vorhátíðinni næstkomandi laugardag. Þó ýmsir aðrir viðburðir verði þennan dag, svo sem opnun listahátíðar og kosningar treystum við því að flestir geti komið og verið með okkur í stuttan tíma.

### **Á skólalóðinni verður ótalmargt í boði fyrir gesti:**

Blöðrur fyrir þá sem vilja verður dreift fyrir skrudgöngu. Leiktæki fyrir börnin, hoppukastali, rennibraut, veltibíll og teygjubraut. 100 krónur kostar í hvert tæki en aðeins þarf að greiða fyrir fyrsta skiptið. Andlitsmálun. Veiðistöngin þar sem yngstu veiðimennirnir geta spreytt sig. Bakarí með góðgæti á góðu verði, fínt til að hafa með kaffinu eftir hátíðina. Pylsu- og íssala, allt á sanngjörnu verði. Fínar vörur á flóamarkaði eða tombólu fyrir þá ævintýragjörnu. Kaffihús með gómsætum tertum.

### **Dagskrá í sal skólans:**

13:00 2. bekkur sýnir söngleikinn Tumi og fjársjóðurinn.  
13:15 Hlé  
13:25 Danssýning hjá 6. og 7. bekk: Skottís og línudans.  
13:35 Hlé  
13:45 Frumsaminn dans hjá Katrínu, Eddu, Söru og Þóreyju sem eru í 7. bekk.  
13:50 Dagskrá lokið.

### **Dagskrá í skólastofum:**

Ýmislegt verður til sýnis í skólanum sjálfum á vorhátíðinni og er upptalning á því hér á eftir. Flestar stofur sem nefndar eru verða opnar á milli kl. 13:00 og 14:00. Þar munu kennarar og/eða nemendur útskýra verkefnið nánar ef með þarf.

### **Heimsókn í 5. bekk**

Milli kl. 13 og 14 bjóða nemendur í 5. bekk upp á sýningu í kennslustofum sínum (A204 og A205) á ýmsum verkefnum sem þeir hafa unnið í vetur. Má þar m.a. nefna verkefni um landnám Íslands, Islam, tré, ljóðaverkefni, flatarmál og fleira. Nemendur verða á staðnum til að kynna verkefnið og bregða á leik.

### **Frumsaminn dans**

Katrín, Edda, Sara og Þórey í 7. bekk ætla að sýna frumsaminn dans í salnum. Þær hafa allar æft dans og/eða ballett um árabíl.

### **Skólastarf á yngsta stigi**

3. og 4. bekkur bjóða gesti velkomna að skoða sýnishorn af starfi vetrarins. 3. bekkingar hafa verið að vinna með himingeiminn og má m.a. sjá geimflaugar í loftinu í stofunum. Í 4. bekk hefur verið þemavinna um hafið og setur það sterkan svip á stofunum. 4. bekkingar ætla líka að vera með tónlistarflutning í stofunum sínum. Stofur A 101, 102, 201 og 202 verða opnar milli kl. 13 og 14.

### **Verkhringur á unglíngastigi**

Verkhringur er eitt af þróunarverkefnum Háteigsskóla. Markmið verkhringsins er að auka félagslega færni nemenda, auka sjálfstæði, sköpun og valfrelsi. Stuttmyndir gerðar í verkhring og myndbútar úr dönsku verða sýnd í stofu B 305 milli kl. 13 og 14. Fjórar stuttmyndir verða sýndar. Þær heita Gelgjútár, Skátiboy 2, Skólastjórinn og Draumurinn. Nemendur gera sjálfir handrit, taka upp og klippa myndirnar. Myndbútarir úr dönsku voru samdir og unnir af nemendum í 9. bekk í dönsku. Markmiðið er að fá nemendur til að tala dönsku. Á ganginum rétt hjá skrifstofu skólans verða til sýnis ljósmyndir eftir hóp úr verkhring sem lærði ýmislegt um ljósmyndun í vetur.

### **Bókakynningar og verkefni**

Bækur og verkefni frá nemendum 8. og 9. bekkjar úr íslensku og samfélagsfræði verða til sýnis í stofu B 303 milli kl. 13 og 14. Í samfélagsfræði eru sýndar bækur sem nemendur í 8. bekk bjuggu til úr verkefni sem heitir "Í fullorðinna tölu". Í íslensku eru til sýnis hefti úr Kjalnesingasögu frá nemendum í 8. bekk.

### **Völuspá – samvinna 4. og 7. bekkjar**

4. og 7. bekkur unnu þetta verkefni saman í tengslum við Dag íslenskrar tungu. 7. bekkur æfði upplestur á Völuspá í endursögn Þórarins Eldjárns og kynnti upphaflegu útgáfuna af kvæðinu fyrir 4. bekk. Í *framhaldinu* var kvæðinu skipt upp og nemendur unnu myndverk við. Afraksturinn hangir í stigaganginum milli 2. og 3. hæðar í A-álmu.

### **Tumi og fjársjóðurinn eftir Ólaf B. Ólafsson.**

Í salnum verður sýnt úr söngleiknum um Tuma og Trölla sem fara að leita að fjársjóði til að kaupa mat handa öllum börnum.

### **Danssýning**

Í sal munu nemendur 6. bekkjar sýna skottís og 7. bekkingar sýna línudans undir stjórn Guðmundar Á. Karlssonar, danskennara.